

LITLA

LJÓÐA- &

SMÁSÖGU

SAMKEPPNI  
EURODESK

Í TÍLEFNI AF  
EVRÓPSKU  
UNGMENNA-  
VIKUNNI 2024



FJÖLBREYTTIR HÖFUNDAR Á ALDRINUM  
13-30 ÁRA

**eurodesk**  
iceland



**LITLA LJÓÐA- &  
SMÁSÖGUSAMKEPPNI  
EURODESK  
AF TILFNI  
EVRÓPSKU  
UNGMENNAVIKUNNAR  
2024**

*Eurodesk Iceland*

**FJÖLBREYTTIR HÖFUNDAR Á ALDRINUM  
13-30 ÁRA**

# UM KEPPNINA

*Í tilefni af evrópsku ungmennavikunni ákvað Eurodesk á Íslandi að efna til lítillar, rafrænnar ljóða- og smásögusamkeppni. Evrópska ungmennavikan var haldin hátíðleg dagana 12.-19. apríl út um alla Evrópu og var þema hátíðarinnar í ár lýðræðisleg þátttaka ungs fólks.*

*Hugmyndin með keppninni var að gefa ungu fólki tækifæri til þess að koma röddum sínum á framfæri í gegnum ljóðlistina eða smásagnagerð: bæði til að sýna að hægt sé að nýta listformið til að tjá ýmis hugðarefni og taka þátt í samfélagslegri umræðu - en einnig til að sanna að ljóða- og smásagnalist sé sannarlega ekki dauð úr öllum æðum hér á landi.*

*Keppnin var opin öllum sem búa á Íslandi á aldrinum 13-30 ára og var hægt að senda innlegg í keppnina á meðan ungmennavikunni stóð dagana 12.-19. apríl, í gegnum rafrænt umsóknarform. Innsend verk máttu vera á íslensku eða öðru máli og voru flestir textar á íslensku, þó einhverjir á ensku.*



*Í keppnina bárust fáeinir tugir ljóða og smásagna og dómnefnd mat ljóðin og sögurnar nafnlaust. Dómnefndina skipuðu starfsfólk Rannís, frá Eurodesk, Landskrifstofu Erasmus+ og úr kynningar- og mannauðsteymi.*

## LJÓÐIN

*Ljóðin í keppninni voru mjög fjölbreytt. Þau snertu á margvíslegum þemum, m.a. hversdagslífi, lýðræði, samfélagsumræðu, andlegri heilsu og ástarmálum.*

*Þrátt fyrir að samhljómur hafi myndast í einkunnagjöf um efstu sætin var mikil dreifing á þeim ljóðum sem höfðuðu til dómnefndar. Hér á eftir koma þau ljóð sem lentu í 1.-3. sæti, en þau hlutu flest stig dómnefndar, auk nokkurra vel valinna ljóða sem öll komust á blað í einkunnagjöf dómnefndar á einn eða annan hátt. Þau ljóð birtast í stafrófsröð á eftir vinningsljóðunum.*

# 1. SÆTI LEYNDARMÁL SUNDSINS

Á botni sundlauganna geymi ég leyndarmál mín.  
lítil glansandi, skínandi leyndarmál.  
þakka þeim inn í loðnar umbúðir  
svo þau minni á kúluskít  
lítil, græn, mjúk, viðkvæm, kreistanleg.

Ég geymi leyndarmál mín á botni sundlauganna  
á fölbláum flísunum  
rétt svo falin forvitnum augum almennings  
rétt svo til hliðar við nefið á þeim  
ófinnanleg  
mjúk, loðin, viðkvæm leyndarmál  
gegnblaut  
og þarfnast umhyggju.

Í hverri viku  
fer ég í sund  
eins og almennur borgari  
borga mig inn, afklæðist í úthlutuðum  
búningsklefa, endurklæðist í sturtunni, labba  
dropandi vatni eftir bökkum laugarinnar, horfi í  
allar áttir eins og hinir, passa að horfa bara í  
augun á sumum og bara í smá stund áður en ég  
horfi skömmustulega niður á steiptan bakkann.

Ég fer í sund  
eins og almenningur  
en ekki til þess að stunda almenna heilsu fyrir  
líkama og sál  
heldur til að kafa til botns í sundlaugunum  
þar sem forvitid augnaráð almennings nær  
ekki  
þar sem leyndarmál mín eru geymd  
ég tek þau upp eitt af öðru  
og kreisti þau aðeins  
kreisti úr þeim klórin og einmannaleikann  
kreisti í þau umhyggju mína  
svo þau geti haldið áfram að lifa  
svo ég geti haldið áfram að lifa.

Höf: **RÁÐHILDUR**



## 2. SÆTI GRÓFAR ÚTLÍNUR

Málaðu mig græna eins og grasið  
Sem að fyllti allt sem ég sá  
Villtu segja frá?  
Grófar útlínur eins og húsið  
Sem við lágum ofaná  
Viltu leyfa mér að sjá?

Málaðu mig bláa eins og fjallið  
Sem rís allt of langt frá þér  
Þú veist það vel  
Smáa andlitsdrætti eins og tunglið  
Sem brosir blítt að mér  
Þegar kvöldi fer

Ég man þetta allt  
Þúsundfallt  
Sá aldrei hvernig málverkið kom út  
Fékk bara að eiga einn bút

Af þér

Höf: **KOLBRÚN ÓSKARSDÓTTIR**



### 3. SÆTI SUNNUDAGSMESSA

*Gætum við fengið ís með trúarbragði?  
trúarbragðaref  
með oblátum, reykelsi, myrru,  
tvöfaldan skammt af blóði krists  
– og við ætlum að gera vel við okkur –  
gullflögur ofan á*

*Með vísnasöng hrærist allt saman  
borgum með silfurpening  
(sem átti að fara í annað betra)*

*Sitjum í hring við ferkantað borð  
með gljáandi skeið í hægri hendi  
og gulnaðan vasaklút í vinstri*

*Potum okkur í gegnum gumsið  
með nýpveginni samvisku*

*Höf: **REGN***

# HÉR ER LJÓÐ UM LÝÐRÆÐI

*Hér er ljóð um lýðræði  
sem landinn fær að heyra,  
um siði okkar og sjálfstæði  
og sitthvað annað fleira.*

*Áttatíu árum fyrr  
eign við vorum Dana.  
Þá örg og fúl við áðum kyrr  
þó uppreisn værum að plana.*

*Því fólk var orðið fullt af von  
og frelsisloginn brann,  
því Jón einn sagður Sigurðsson  
sór að tendra hann.*

*En Jón var löngu fallinn frá  
og fólkíð þoldi ei við.  
Það vildi strax fá stjórnarskrá  
og stóðst ei lengri bið*

*Þó víst við ívið værum smá  
við vildum fá að stjórna,  
og frelsi okkar unnum þá  
þó ýmsu yrði að fórna*

*Nú langur tími liðinn er  
frá lausn okkar á Fróni,  
og því við viljum þakka hér  
þjóðhetjunnni Jóni.*

**Höf: STEINUNN SÓLLILJA**



# HJARTARÆTUR

*Sáði ég fræi í hlíð,  
uxum við saman um hríð*

*Kíkti hverjum degi á  
þar sem fræið mitt lá.*

*Horfðum við upp til himins,  
á glitrandi stjörnur tvær.*

*Sagði ég þér öll mín leyndarmál,  
alveg frá minni dýpstu sál.*

*Fór ég á mínum fótum,  
meðan þú skaust þínum rótum.*

*Lá mín leið um stræti stórborgar  
á meðan þú varst á þínum örugga stað.*

*Niður lífsins náði mér,  
áfram hélst þú að sá þér.*

*Féllu hryggjarliðir,  
á meðan þú teygðir þig til himins.*

*Nú hélt ég með staf á fund,  
sá ekkert nema stóran lund*

*Sofnaði svefninum langa,  
sál mín sveif þá þangað.*

**Höf: ADDA SIGRÍÐUR**

# LÁTTU MIG ÞEKKJA ÞAÐ

Láttu mig þekkja það  
að vera hrifin er eins og hjartað sé á sama stað  
gat ekki séð fyrir mér einhvern annan en þig  
ótal spurninga sem ég spyr  
þú neitar og gefur mer stingandi augnaráð

Afhverju er ég ennþá hérna  
ég elska hann samt  
þrátt fyrir þegar ég er með honum er ég föst á  
sama stað  
fanginn sem reynir að fljúga

Ég veit að hann er að ljúga  
allt í einu veit ég aldrei hvar hann er  
neitar öllu og hendir mér í burt frá sér

Láttu mig þekkja það  
að elska einhvern sem lætur þér líða eins og fangi  
inn í þínum eigin haus  
Hann minnir mig alltaf á þegar hann kaus mig  
að hann valdi mig í staðin fyrir einhverja aðra  
og að eg sé allt í einu sú heppna

persónulega er ég föst í sömu sporum þar sem ég  
er alltaf að detta

Láttu mig þekkja það.

Þegar þú situr ein og getur ekki hætt að hugsa um  
hvort að þetta hafi verið þér að kenna  
eða hvort það sé hann sem á að sitja inni og  
brenna  
en það er samt neisti á milli okkar  
einhvers konar spennu

en það endar fljótt þegar hann byrjar að lemja

Láttu mig þekkja það

Hann gefur þér glóðurauga en það var allt í góðu  
útaf þú settir ekki í þvottavélina  
þetta er allt útaf þér

Ef þú hefðir ekki gert þetta, þá hefði ég ekki lamið  
þig

Bíddu, hann lemur

þetta er allt í lagi - góða skapið kemur  
Okei hann kann á sig  
ég þarf að breyta hvernig ég kem fram  
svo hann beini ekki reiðinni að þér  
Ég breytist, ég er aldrei nógu góð  
því hann strunsaði út og það var útaf mer

Láttu mig þekkja það  
Einn daginn finnurðu kraftinn  
Að þetta varst aldrei þú  
Það var hann sem var með kjaftinn  
Þú þarft samt að muna þetta festist á þér  
Þú gleymir þessu aldrei  
Þú ert sterk, láttu þig dreyma  
Því hér er ég ein heima  
skrifandi, skjálfandi því ég er hrædd um að deyja.

Höf: **HELGA NÍNA**



# LÍFIÐ ER HRYLLINGSMYND

*Hryllingsmyndin er í gangi í mér og þér  
Hryllingsmyndin deyr og endurfæðist*

*Við erum vondi kallinn og fórnarlambið*

*Við erum öskrandi, tætandi, grátandi  
Við erum skerandi, myrðandi, biðjandi  
Við erum drepanði, snöktandi, deyjandi*

*Við erum fjöldamorðinginn og sakleysinginn*

*Hryllingsmyndin hefur alltaf betur  
Hryllingsmyndin lætur þér alltaf bregða*

*Lífið er hryllingsmynd*

**Höf: ELÍSABET UNUDÓTTIR**

# NAFNLAUS

*Á ófermi hafsins við sjóndeildarhring  
situr agndofa smár og starir.  
Endalaust teygist og umlykur kring  
um veröld sem eilífð um varir.*

*Hvorki auður né völd af mannana hendi  
geta flekt nema eigin heimkynni.  
En brotna fljótt niður við siðanna endi  
er sólin oss gleymir úr minni.*

*Mundu þú smái hver vilja þinn skóp,  
að bíta ey þá hönd sem þér gefur  
því alheimur gleypir öll jarðanna óp  
og gleymir þér meðan þú sefur.*

**Höf: JÓSÚA THEODÓRSSON**

# PERULJÓÐ

*Perubói*

*Er hann Arnar Spói.*

*Hann ræktar og safnar og ruplar*

*Öllum perum sem hann finnur hann hnuplar.*

*Hann elskar perur af öllum gerðum*

*Mjóar og feitar og með breiðum herðum.*

*Perur soðnar í sætan safa*

*Sem hann stelur úr skápnum hjá honum afa.*

*Perur svo ferskar, beint af runna*

*Þetta er orðið vandamál segir konan hans Gunna.*

*Því hann er eftirlýstur í 16 fylkjum*

*Þar var skotið á hann með byssum með hylkjum.*

*Svo hann flutti frá Ameríku á brott*

*Til Íslands þar sem hann hafði það gott.*

*Í bónus mátti hann í sig perum svolgra*

*Þeir fengu hann meira að segja til þess að borga.*

Höf: **AGUSTACOOLO8**



# SMÁSÖGUR

*Þau þemu sem birtust í smásögunum voru ekki síður fjölbreytt en í ljóðunum. Þar mátti sjá fjallað um andlega heilsu, heimilisofbeldi, fordóma og einfaldlega vangaveltur um samfélagið sjálft.*

*Smásögurnar sem bárust í keppnina voru töluvert færri en ljóðin. Upphaflega átti að veita ein verðlaun fyrir smásögur en tvær sögur fengu jafnmörg stig, svo úr því varð að veita þeim báðum sameiginlegt fyrsta sæti.*

*Hér á eftir má því sjá sögurnar tvær sem deila sigursætinu ásamt þremur sögum sem komust á blað í einkunnagjöf dómnefndar. Sögurnar eru birtar í stafrófsröð, fyrst vinningssögurnar og svo hinar.*

# 1. SÆTI HEIMA ER BEST

*Hún hljóp út í kuldann og stansaði ekki fyrr en hún gat ekki andað. Þegar hún stoppaði tók hún eftir því að hún var komin langt út fyrir bæjarmörkin. Á meðan líkaminn róaðist og lungu og hjarta hægðu á sér horfði hún upp í himininn; alsettan bleikum og appelsínugulum röndum. „Alltaf er fagurt hér í Eyjafirðinum“, hugsaði Kristín með sjálfri sér. Það var gott að komast út í frískt loft, hún hafði verið innilokuð í alltof langan tíma. Hún gat ekki ímyndað sér að eyða einni sekúndu meir inni í þessu húsi.*


*Allt þetta hafði byrjað þegar skólarnir lokuðu og fjarnámið tók við. Veikindi voru þó ekki það sem hræddi hana mest. Hún gat ekki sofið vegna stress og ótta við að missa af kennslustund. Hún var ávallt þekkt sem „klári krakkinn“ eða „tían“ og nú þegar hún var komin í menntaskóla var pressa að halda einkunnunum uppi. „Heima er best“ héldu bekkjarsystkini hennar áfram að segja, en var það virkilega satt? Heima fyrir voru allar mögulegar truflanir þar sem hún var ónáðuð af símanum, bílum og börnum. Hún missti einbeitinguna ef hún heyrði hundinn gelta eða símann titra. En svona hafði líf hennar verið seinustu þrjá mánuði, allt frá því að veiran náði fótfestu í samfélaginu.*

Smám saman hætti Kristín að tala við vini sína, henni fannst ekki þörf á því fyrst hún gat ekki hitt þá. Henni fór að líða illa í tímum og hún forðaðist að tala við kennarann, hrædd um að þeim myndi finna hún heimsk. Hún hætti á endanum að vinna verkefni og svaraði ekki tölvupóstum. Hún gerði ekkert á daginn nema sitja og stara á tölvuskjáinn. Að lokum fannst henni hún vera að kafna. Hún grét sjálfa sig í svefn hvert einasta kvöld, sannfærð um að hún myndi aldrei aftur sjá glaðan dag.

Einn morguninn settist hún fyrir framan skjáinn, eins og vanalega, og undirbjó sig fyrir annan ömurlegan dag. Líffræði var fyrsti tíminn og námsefnið var hvernig námið hefur áhrif á geðheilsu ungs fólks. Kristín hafði alltaf verið hrædd við orðið „geðheilsa“, það hljómaði eins og maður væri að verða vitlaus og ruglaður í hennar eyrum. Hún neyddi þó sjálfa sig til að sitja þennan fjarfund og hlusta á kennarann. Hann sagði frá því hvernig allt of margir höfðu lært yfir sig, misst vitið. Allt í einu var eins og það birti fyrir augum Kristínar. Hún uppgötvaði að þetta var einmitt það sem hafði gerst fyrir hana. Hún trúði því ekki að hún „ungfrú fullkomin“ gæti hafa fallið í þessa myrku holu. Hún hló að sjálfri sér.

*Hún hafði ofhugað hvert einasta smáatriði í sínu lífi og eytt óþarfa orku í stress. Þess vegna skellti hún sér í íþróttaskóna og hljóp út um dyrnar. Hún fann gleðina á ný og lífskraftinn stigmagnast. Henni hafði ekki liðið svona vel í þrjá mánuði og það eina sem hana langaði að gera var að brosa, hlæja og hafa gaman í lífinu. Því hún var frjáls.*

Höf: **GUÐRÚN MARÍA**





# 1. SÆTI I MUST REMEMBER

*With eyes blinded by the dazzling sky, but the body chained by a disconcerting abyss, I feel lost in my flowing thoughts, some dark thoughts. It sucks me in completely, or maybe it's the sky that rejects me, but I don't know what to do, or who can help me.*

*"What's strange about me? My hair? The way I talk? Is it my nationality? My origins? Or maybe it's just the fact that I'm different?" In my mind, all these thoughts pass under a second, it's like it takes my breath and spirit away.*

*I can feel the stares, like I'm some kind of "play". I'm exotic for them, I'm a rare exemplar, something they never saw before, so if they accidentally break it, it's not their fault - they didn't do it out of malice, they were simply curious and uneducated. But what's so special about me? And especially, what about me? Am I a guinea pig for their interest?*

*And also, what am I?*

*I was always told that I was a "role-model" for my race, but am I my skin? It's literally worth nothing. In less than a century it will melt and go away, as if it wasn't even there before, and the only things*

*people will find are the bones, but do bones have colour? Are our bones different from one another? Are the people in 1,000 years going to see our bones and understand where we came from?*

*But I must not ask questions and I can't try to fight back since my body is chained, I can only keep on looking at the shining, blinding sky, silently.*

*"What about me?" I think to myself again. Must I be quiet, sweet, shy to not be stereotyped? Must I be forgiving, understanding, and caring and just hope for somebody else to fight for me? But if nobody wants to fight for me? Then, am I supposed to just take the hits and keep quiet? Is it because I make other people uncomfortable by speaking up? And what if I feel uncomfortable by staying silent?*

*Oh yeah, I forgot, I must be understanding, forgiving and well-spoken, and I must remember this isn't about me, but of everybody else: my people, my parents, my classmates, my teachers etc... I must remember not to make it a harder time for them, I must remember I'm not seen as an individual, but just as one of the multiple pieces of my race, and just a wrong piece makes everything fall, like a domino effect,*

*I must remember not dishonour my parents, since they got to a new country in the hope for a better life, I must remember not to make uncomfortable or guilty my classmates and teachers, who are trying really hard to understand a whole new "concept".*

*It doesn't matter what, I must always be grateful and remember, that is never about me, and never will it be.*

*At least not in this shitty hell of a world.*

**Höf: LEONA IGUMA**

# Í HJARTA REYKJAVÍKUR

Lítill saga úr miðbæ Reykjavíkur á venjulegum miðvikudegi upp úr hádegi en þar stöðvuðu börn, á að giska 7 ára, aðeins eldri unga konu á milli tvítugs og þrítugs. Börnin hnipptu sakleysislega í hana en annað þeirra grípur til máls, „Hi, do you want to...“ Hitt barnið grípur skyndilega inn í, „Af hverju talarðu ensku?“ Saklaust svarið við spurningunni var „Hún er brún...“ Hið sem hafði gripið fram í ansaði þessu „Þó að maður sé brúnn, getur maður alveg talað íslensku.“

Þetta reyndist rétt, unga konan talar íslensku og í áframhaldandi samræðum við börnin sögðust þau vera að selja myndir sem þau höfðu teiknað. Gólfíð var þakið litrikum myndum eftir þau sem þau buðu konunni að kaupa. Sem hún gerði. Konan keypti myndirnar því að í hennar huga skipti þetta litla atvik hana máli. Það að einhver byrji að tala ensku við hana að fyrra bragði var svosem daglegt brauð en að einhver annar stigi inn í til að verða fyrri til að leiðrétt mistökin var óvanalegt hjá öllum aldurshópum.

*Hún hugsaði með sér að hún hefði upplifað margt á örfráum sekúndum. Einhver hafði staðið upp fyrir henni, bjargað frá vandræðalegu augnabliki og kennt jafningja sínum um jafngildingu. Hún upplifði þakklæti og von um að aðeins yngra fólkið gæti gert betur en við sem eldri erum. Hún borgaði börnunum þúsund krónur fyrir þrjár myndir og horfði á eftir þeim hlaupa í næstu sjoppu og kaupa sér nammi fyrir þær. Sem henni þótti þau eiga skilið. Sumir myndu eflaust kalla þetta karma.*

Höf: **VILJAR**



# KONA GRÆTUR VIÐ HÚSVERKIN

*Hún volaði og starði á klukkuna. Meiri hávaða hafði ég nú ekki heyrt í áraraðir. Hún lá á hliðinni í fósturstellingu og fylgdist með vísinum sem tifaði stöðugt hærra og hærra. Gluggatjöldin voru dregin fyrir þá litlu glufu sem sólin skein svo oft inn um. Þvílík tilætlunarsemi hjá henni að ætlast til þess að aðrir geri hlutina fyrir hana. Á íslensku myndi ég einungis kalla þetta leti.*

*Ég stökk til hennar og kvaðst ætla að klóra hana, en hún vaknaði ekki upp frá dagdraumum sínum. Ætlunin mín var ekki að særa hana heldur aðeins hvetja hana til að hætta þessu væli og fara að stússa eitthvað. Það var svo gaman að fylgjast með henni vesenast í einhverju, þvo gólfíð eða taka til svo allt væri hreint og fínt fyrir húsbóndann. Hún muldraði eitthvað með sjálfri sér og starði svo svipbrigðalaust á klukkuna sem var gengin 20 mínútur í fjögur.*

*Ég lá hliðina á henni um stund en klifraði svo upp í gluggakistu þar sem dregið hafði verið fyrir alla birtu. Með smá þolinmæði og nákvæmni náði ég að kippa gardínunni frá. Sólargeislarnir brutust inn um rifuna og uppljóstruðu allt rykið í hillunum og á gólfinu.*

„Hún hlýtur að vera eitthvað lasin blessunin“, hugsaði ég með sjálfum mér og leit yfir til hennar þar sem hún lá ennþá á grúfu. Ég hefði látið hana vera en garnagaulið í mér var mótfallið þeirri hugmynd.

Ég læddist til hennar, ýtti varlega í hana og gaf frá mér lágt hljóð. Hún settist loks upp og horfði á mig. Ég kveikti á þerunni þegar ég sá stokkbólgin augu hennar og útblásu varirnar; hún var í ofnæmiskasti. Ég hafði aldrei séð jafn svæsið ofnæmi, liturinn á húðinni hafði meira að segja breyst og það blæddi úr efri vörinni. Kvöldmaturinn í gær hafði greinileg farið mjög illa í hana elskuna.

Á meðan ég kláraði snarlið og mjólkursopann fylgdist ég með húsfreyjunni ganga frá í eldhúsinu. Ég settist upp á eldhúsbekkin og horfði á hana harka af sér ofnæmið, þurrkandi tárin af og til. Það var þó eitthvað öðruvísi við hana. Þrátt fyrir ófrýnilegt andlit hennar var eins og hún væri öll upptrekk. Hún vann hraðar en venjulega og spertist öll upp ef hún heyrði í bifreið fyrir utan.

Talandi um að vera móðursjúk. Það var ekki eins og hún hefði farið oft út úr húsinu seinustu daga og merkilegt nokk svaraði hún aldrei símanum ef hann hringdi.

*Eftir hálf tíma strit hneig hún niður af máttleysi og grét hríðskjálíandi. Hendur hennar skulfu og hún kom sér ekki á fætur. Ég settist niður hliðina á henni og horfði á hana með vorkunnar augum. Í sömu andrá snerist lykillinn í útidyrhurðinni og yfirlætisfullur maður nam staðar í gættinni, það var húsbóndinn.*

Höf: **GUÐRÚN MARÍA**



# SUNDIÐ

*Mig klæjar.*

*Það er nýliðið hádegi. Ég baða mig í sólarljósinu, sit á bekk við Laugarveginn með kebab vefju í hendi og virði fyrir mér mannlífið.*

*Mig klæjar.*

*Ég veit ekki hvenær kláðinn byrjaði. Ég byrjaði bara nýlega að taka eftir honum, og nú ærir hann mig.*

*Ég heyri tvo unga drengi tala við hvorn annan rétt fyrir aftan mig. Ég ætlaði mér nú ekki að hlera. Þeir tala um hvaða stelpur í bekknum þeirra þeim þykir vera fallegust. Menningarlegar samræður hér í gangi. Ég sé menntaskólapar á rölti, strætóbílstjóra klára vaktina sína og heilsa glaðlega þeim sem taka við af þeim, Ástþór að suða í túristum að skrifa undir fyrir framboði sínu, hóp unglunga í fínum íþróttagöllum að hlæja ofan í hvorn annan, feitan mann í gráum jakkafötum með pylsu í annarri hendi, og hóp af stelpum með allt þetta fólk gengur niður Laugaveginn. Öfugu megin við gangstéttina, eins og fiskur sem syndir á móti straumnum, lötur hægt en örugglega, gengur öldruð kona með*

*bónuspoka í báðum höndum. Ekki sé ég neitt andlit, konan sem gæti verið langamma mín horfir aðeins niður á gangstéttina af þreytu.*

*Af hverju hjálpar henni enginn? Eru allir uppteknir að sínu? Gæti ég hjálpað henni? Eða væri ég bara að ónáða hana? Hún gæti verið alveg að vera komin heim til sín. Nei, ég er nú með fullar hendur líka, hugsa ég og tek annan bita af kebab vefjunni. Ég heyri annan drenginn fyrir aftan mig segja vini sínum frá nýja bílnum sem pabbi hans var að kaupa.*

*Glundroði borgarinnar heldur áfram ósnertur og ég sit enn og horfi á konuna synda lengra niður ána.*

*Mig klæjar. En ekki á þann hátt sem mig hefur áður klæjað eða eins og hvern mann klæjar.*

*Mig klæjar í blóðið.*

*Hver annast þjóðina?*

*Í landi sem ann sér ekki sjálft?*

**Höf: R.S.S.**

# EURODESK

*Eurodesk er evrópsk upplýsingaveita sem var stofnuð árið 1990 og er ekki rekin í hagnaðarskyni. Í dag hefur Eurodesk opinbert stuðningshlutverk innan Erasmus+ áætlunarinnar og vekur athygli ungs á tækifærum til náms, starfsþjálfunar og sjálfbodaðliðastarfa í Evrópu.*

*Eurodesk er starfrækt í 36 löndum og hefur yfir 1600 staðbundna tengiliði sem vinna beint með ungu fólki. Æskulýðsstarfsfólk getur einnig notað sér víðfemt net Eurodesk til að finna tengiliði í öðrum löndum til að vinna saman að Evrópuverkefnum.*

*Þjónusta Eurodesk er ókeypis og öllum er frjálst að hafa samband hafi þau spurningar um tækifærin sem felast í Erasmus+ og European Solidarity Corps.*

Fyrir hönd Eurodesk,

**Miriam Petra Ómarsdóttir Awad**

Verkefnastýra Eurodesk á Íslandi



